132
13. desbr.

## Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu, eins og hún er ákveðin í auglýsingu, 9. maí 1896 (Stjórnartíðindi, 1896, B. bls. 68—70).

Samkvæmt ályktunum amtráðsins á fundum þess 30. júní—2. júlí 1898 og 23.—26. júní 1899 eru yfirsetukvennaumdæmin í Vesturskaptafellssýslu og Rangárvallasýslu þessi:

Vesturskaptafellssýsla.

1. Hörgslandshreppur (frá Skeiðarársandi að Geirlandsá).
2. Kirkjubæjarhreppur, að undanskildum Skaptárdal og Á.
3. Langholtssókn (Meðalland).
4. Þykkvabæjarklausturssókn (Álptaver).
5. Ása- og Búlandssóknir (Skaptártunga með Á og Skaptárdal).
6. Hvammshreppur (Höfðabrekku- og Reynissóknir).
7. Dyrhólahreppur (Dyrhóla- og Sólheimasóknir).

Rangárvallasýsla.

1.—9. umdæmi eru hin sömu, sem áður voru, sbr. Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 69, en í stað 10. og 11. umdæmis koma:

10. Kálfholts-, Ás- og Háfsóknir utan Þykkvabæjarósa.
11. Oddasókn utan Ytri Rangár og Árbæjarsókn í Holtahreppi.
12. Haga- og Marteinstungusóknir.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 13. des. 1899.

*J. Havsteen.*

133
13. desbr.

## Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Vesturamtinu, eins og hún er ákveðin með auglýsingum, 9. maí og 9. nóv. 1896 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 70—72 og 204.

Samkvæmt ályktun amtráðsins á fundi þess 10.—12. júní 1899 eru yfirsetukvennaumdæmi í Ísafjarðarsýslu þessi:

1. Auðkúluhreppur.
2. Þingeyrarhreppur,
3. Mýrahreppur, að undanskildum Ingjaldssandi.
4. Ingjaldssandur.
5. Mosvallahreppur fyrir sunnan Önundarfjörð, með Kirkjubóli í Korpudal.
6. Mosvallahreppur fyrir norðan Önundarfjörð.
7. Staðarsókn í Súgandafirði.
8. Hólshreppur.
9. Eyrarhreppur.
10. Eyrarsókn í Seyðisfirði, ɔ: Álptafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, og af Ögursókn: Skötufjörður með Vigur, alt að Øgurnesi.
11. Reykjarfjarðarhreppur og Ögursókn út að Ögurnesi.